

Skýrsla formanns bæjarráðs Reykjanesbæjar vegna starfsársins 2020

Bæjarráð Reykjanesbæjar hélt 51 bókaða fundi á árinu 2020. Starfsárið verður lengi í minnum haft vegna Covid 19 og þeirra áhrifa sem veiran hefur haft á starfsemi bæjarins.

Starfsemi bæjarráðs Reykjanesbæjar raskaðist verulega á árinu, í byrjun árs var fundað í raunheimum að Tjarnargötu 12 og síðan í Merkinesi í Hljómahöll. Til þess að gæta smitvarna fóru síðan bæjarráðsfundir fram með rafrænum hætti á samskiptaforritinu Teams. Fyrsti fjarfundurinn í bæjarráði var haldinn 26. Mars en þegar leið á sumarið fluttum við okkur í raunheima og funduðum í Merkinesi. Í byrjun ágúst hófust aftur fjarfundir á teams og var svo út árið 2020.

Það kom fljótt í ljós að allt skipulag á rekstri bæjarins sem og fjárhagsáætlanir fóru úr skorðum og áætlanir um jákvæða afkoma myndi ekki verða að veruleika.

Starfsmenn sveitarfélagsins undir dyggri forystu bærarstjóra Kjartans Mús Kjartanssonar stóðu sig með miklum ágætum og eiga miklar þakkir skildar fyrir dugnað og þolinmæði á erfiðum tímum.

Formaður bæjarráðs starfsárið 2020 var Friðjón Einarsson. Mikil eining hefur ríkt meðal bæjarráðsfulltrúa allt starfsárið og er það sérstaklega mikils virði að góður trúnaður er á milli fulltrúa. Fjöldi góðra gesta komu á fund bæjarráðs þetta starfsárið, bæði starfsmenn og aðrir sem kynntu verkefni sem unnið var að á hverjum tíma. Samstarf bæjarráðs við starfsmenn Reykjanesbæjar var til fyrirmyndar og ber að þakka fyrir það. Starfsmenn Reykjanesbæjar hafa sem fyrr verið undirstaða góðs rekstrar bæjarfélagsins.

Almennt má segja að fundarsókn hafi verið mjög góð á starfsárinu og bæjarráðsfulltrúum til sóma.

Starfsfólk.

Kjartan Már Kjartansson, bærarstjóri var viðstaddur flesta fundi bæjarráðs auk ritara en Hrefna Gunnarsdóttir sat flesta fundina sem ritari auk þess sem Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir og Hrefna Höskuldsdóttir sinntu afleysingum.

Mæting kjörinna bæjarfulltrúa á fundi bæjarráðs á árinu 2020.

Nafn	fjöldi funda	mæting
Friðjón Einarsson	48	94%
Jóhann Friðrik Friðriksson	45	88%
Gunnar Þórarinnsson	23	45% Varafulltrúi frá 18.júní.
Margrét Sanders	48	94%
Guðbrandur Einarsson	50	98%
Margrét Þórarinsdóttir	48	94% Áheyrnarfulltrúi*
Baldur Guðmundsson	26	51% Aðalfulltrúi frá 18.júní.

Varafulltrúar:

Kolbrún Jóna Pétursdóttir 1

Ríkharður Ibsen 1

Halldóra Friða Þorvaldsdóttir 1

Jasmina Crnac 2

Guðný Birna Guðmundsdóttir 2

Díana Hilmarsdóttir 5

Gunnar Felix Rúnarsson, áheyrnarful. 2

Friðjón Einarsson

Formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar.